



Umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4–6
101 Reykjavík

Dagsetning 25.9.2025
Málsnúmer FOR25090002

Svar við erindi um eftirfylgni með niðurstöðum barnaþings

Hinn 29. ágúst 2025 barst forsætisráðuneytinu erindi frá umboðsmanni barna um barnaþing. Í erindinu óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við niðurstöðum barnaþings árin 2019, 2022 og 2023.

Hér á eftir fylgir yfirlit yfir þær tillögur og spurningar sem settar voru fram af hálfu barnaþinganna sem vísað er til, sem varða málefnasvið ráðuneytisins, ásamt viðbrögðum við þeim.

Vakin er athygli á því að niðurstöður barnaþings hafa ekki farið í fastan farveg innan ráðuneytisins til þessa en hafa engu að síður haft margvísleg áhrif á stefnumótun. Við úrvinnslu á niðurstöðum barnaþings 2025 verður innleitt nýtt vinnulag til að tryggja að niðurstöður barnaþings nýtist með markvissum hætti við opinbera stefnumótun og þeim fylgt eftir innan Stjórnarráðsins, sbr. aðgerð 1.4 í þingsályktun um Barnvænt Ísland.

1. Barnaþing 2019

- 1.1. Barnaþingmenn tóku sérstaklega fram að jafnrétti eigi að gilda þegar kemur að rétti til náms og heilbrigðisþjónustu. Varðaði málefnasvið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefnið jafnrétti var flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.*

Lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna tóku gildi 25. júní 2018. Markmið laganna er að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga óháð kynþætti á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar. Árið 2022 voru lögin útvíkkuð og fengu þá heitið lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar. Frá því hafa þau einnig gilt um jafna meðferð einstaklinga óháð þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Í lögunum er t.d. kveðið á um bann við mismunun í tengslum við heilbrigðisþjónustu og bann við mismunun í skólum og öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Með þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir tímabilið 2020-2023 voru sett á dagskrá verkefni sem hafa það að markmiði að vinna að jafnrétti t.d. á sviði mennta- og heilbrigðismála.

- 1.2. Barnaþingmenn fjölluðu um mikilvægi þess að jafna út launamun almennt og sérstaklega milli kynjanna. Varðaði málefnasvið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefnið jafnrétti og mannréttindi voru flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.*

Samkvæmt jafnréttislögum skal greiða konum, körlum og fólki með kynhlutlausu skráningu í Þjóðskrá jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Stjórnvöld hafa gripið til ýmissa ráðstafana til að takast á við launamun kynjanna, m.a. með lögum um jafnlaunavottun frá 2018 sem hafa það markmið að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur launamunur karla og kvenna dregist saman síðustu ár og á það jafnt við um mun á atvinnutekjum, óleiðréttan og leiðréttan launamun. Óleiðréttur launamunur hefur þó aukist á síðustu tveimur árum.

1.3. Barnaþingmenn vildu að þau fengju tækifæri til þess að hafa áhrif á samfélagið og barnaþing væri haldið oft.

Barnaþingi var komið á með lögum í desember 2018. Í lögnum segir að umboðsmaður barna skuli boða til þings um málefni barna annað hvert ár og að niðurstöður og ályktanir þingsins skuli kynntar ríkisstjórn. Í lögnum segir jafnframt að þingið sé öllum opið en að umboðsmaður barna skuli bjóða fjölbreyttum hópi barna til þingsins, alþingismönnum og fulltrúum stofnana ríkis og sveitarfélaga, auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem koma að málefnum barna. Síðan hefur barnaþing reynst mikilvægur vettvangur til samtals milli barna, kjörinna fulltrúa, embættismanna, aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka. Þó hefur ekki komið til skoðunar að halda barnaþing oft.

2. Barnaþing 2022

2.1. *Jafnrétti var áberandi í umræðum barnaþingmanna og var sérstök áhersla lögð á jafnrétti allra kynja og virðingu fyrir vali einstaklinga á persónufornöfnum. Í því samhengi var einnig rætt um aðgengi fyrir öll kyn að opinberum salernum, sund- og íþróttaklefum, en einnig ræddu barnaþingmenn um mikilvægi þess að útrýma fordómum til að tryggja að allir fái að vera eins og þeir sjálfir kjósa. Varðaði málefna svið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefni jafnrétti og mannréttindi voru flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.*

Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025 var samþykkt á Alþingi í júní 2022. Áætluninni fylgir 21 aðgerð en hver og ein þeirra miðar að því að bæta stöðu og réttindi hinsegin fólks. Í áætluninni er áhersla lögð á fræðslutengd verkefni og vitundarvakningu um málefni hinsegin fólks, enda mikilvægt að auka þekkingu og búa til farveg fyrir málefnalega umræðu um stöðu og réttindi hinsegin fólks. Í áætluninni eru einnig verkefni sem snúa að því að tryggja að tekið sé tillit til trans fólks og þar á meðal fólks með hlutlausu kynskráningu í ákvæðum sem snúa að aðgengi að salernum, sundstöðum og íþróttamannvirkjum og er þeim lokið.

2.2. *Barnaþingmenn ræddu einnig launajafnrétti og vildu að lágmarkslaun yrðu hækkuð og allir njóti sambærilegra tækifæra á vinnumarkaði, óháð t.d. kyni, trú eða húðlit. Varðaði málefna svið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefni jafnrétti og mannréttindi voru flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.*

Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði tóku gildi 25. júní 2018. Markmið laganna er að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði

óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Jafnframt er vísað í svar við spurningu 1.2.

2.3. Barnaþingmenn ræddu mikilvægi þess að réttindi barna séu virt og að börn fái að taka þátt í umræðu um mál sem varða þau og að tillit sé tekið til skoðana þeirra, helst þannig að hugmyndum þeirra sé hrint í framkvæmd.

Við afhendingu skýrslu barnaþings til ríkisstjórnarinnar óskuðu barnaþingmenn að niðurstöðurnar yrðu teknar til umræðu á Alþingi. Forsætisráðherra efndi í kjölfarið til sérstakrar umræðu um skýrslu barnaþings 2022 á Alþingi til að tryggja að niðurstöður þingsins kæmust skýrt til skila.

Forsætisráðuneytið hefur unnið að því að virkja aðkomu ungs fólks að innleiðingu heimsmarkmiðanna hér á landi með því að koma á fót barna- og ungmennaráði heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna árið 2018. Ráðinu er m.a. ætlað að veita stjórnvöldum innsýn í viðhorf ungs fólks til heimsmarkmiðanna og að koma sínum áherslum varðandi innleiðinguna á framfæri við ríkisstjórn árlega. Ráðið var einnig fengið til að skrifa kafla inn í aðra landsrýniskýrslu Íslands um stöðu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem var skilað til Sameinuðu þjóðanna í júní 2023.

Forsætisráðuneytið hafði jafnframt samráð við börn þegar unnið var að grænbók um mannréttindi. Haldnir voru samráðsfundir með börnum úr ungmennaráði heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, ráðgjafahópi umboðsmanns barna, ungmennaráði Samtakanna '78 og fötluðum börnum með milligöngu Þroskahjálpar.

3. Barnaþing 2023

3.1. Hvað ætlið þið að gera til þess að draga úr transhatri í samfélaginu og vernda réttindi þeirra? Varðaði málefnavið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefnið jafnrétti og mannréttindi voru flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Í febrúar 2024 hleypti Jafnréttisstofa af stokkunum herferðinni *Orðin okkar* með stuðningi forsætisráðuneytisins. Herferðinni var ætlað að hvetja fólk til umhugsunar um áhrifamátt orða sinna. „Orð geta sært, sundrað og brotið niður en þau geta einnig nært, huggað og sameinað.“ Þannig hljómuðu skilaboðin sem Jafnréttisstofa sendi með herferðinni sem var liður í að stuðla að auknu jafnrétti í íslensku samfélagi og berjast gegn hatursorðræðu.

Jafnframt er vísað í svar við spurningu 2.1.

3.2. Hvernig getum við verið fullviss um að raddir barna heyrist?

Við úrvinnslu á niðurstöðum barnaþings 2025 verður innleitt nýtt vinnulag til að tryggja að niðurstöður barnaþings nýtist með markvissum hætti við opinbera stefnumótun og þeim fylgt eftir innan Stjórnarráðsins, sbr. aðgerð 1.4 í þingsályktun um barnvænt Ísland.

Jafnframt er vísað í svar við spurningu 1.3. og 2.3.

3.3. *Hvernig getum við passað að allir sem koma að okkar landi fái sanngjarna meðferð?* Varðaði málefnasvið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefningin jafnrétti og mannréttindi voru flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Vísað er í svar við spurningu 1.1. og 2.2.

3.4. *Hvernig getur ríkisstjórnin tryggt jafnrétti fyrir alla?* Varðaði málefnasvið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefningin jafnrétti og mannréttindi voru flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Jafnrétti er bundið í stjórnarskrá, ýmis lög og áætlanir stjórnvalda en að tryggja jafnrétti allra er jafnframt viðvarandi verkefni stjórnvalda. Í jafnréttislögum er kveðið á um að ráðherra jafnréttismála skuli leggja fyrir Alþingi á fjögurra ára fresti tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Þannig er tryggt að ávallt sé unnið að verkefnum á sviði kynjajafnréttis.

Jafnframt er vísað í svar við spurningu 1.1. og 2.2.

3.5. *Hvernig getum við verið með meira jafnrétti hjá minnihlutahópum?* Varðaði málefnasvið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefningin jafnrétti og mannréttindi voru flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Jafnrétti minnihlutahópa er tryggt í stjórnarskrá, ýmsum lögum og áætlunum stjórnvalda. Í júlí 2024 voru samþykkt lög um Mannréttindastofnun Íslands. Meginhlutverk hennar er að efla og vernda mannréttindi á Íslandi, eins og þau eru skilgreind í stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum. Hlutverk hennar er m.a. að vera opinberum aðilum og, eftir atvikum, einkaaðilum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og að hafa eftirlit með framkvæmd laga og alþjóðlegra skuldbindinga Íslands á sviði mannréttinda.

3.6. *Barnapingmenn vilja að hlustað sé á börn og mark tekið á skoðunum þeirra.*

Vísað er í svar við spurningu 3.2.

3.7. *Barnapingmenn vilja að meira sé gert til þess að koma í veg fyrir fordóma og rasisma. Þá telja þau að bæta þurfi orðræðuna sem fer fram á samfélagsmiðlum og netinu almennt. Einnig finnst þeim að það þurfi að hafa meira eftirlit með samfélagsmiðlanotkun ungmenna. Þau vilja jafnframt að unnið sé gegn neikvæðum staðalímyndum og að betur sé passað upp á hinsegin börn.* Varðaði málefnasvið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefningin jafnrétti og mannréttindi voru flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Vísað er í svar við spurningu 3.1.

3.8. *Barnapingmenn vilja að meira sé gert fyrir fátæk börn.*

Forsætisráðherra lét vinna skýrslu um fátækt og áætlaðan samfélagslegan kostnað sem var birt í júní 2023. Í kjölfarið samþykkti ríkisstjórn að veita fjármagni í frekari rannsóknir á fátækt á Íslandi. Hópur fræðimanna vinnur nú í samstarfi við sérfræðinga Stjórnarráðsins

að úrvinnslu gagna um fátækt og mun á næstu mánuðum skila forsætisráðherra samantekt með stöðumati og mögulegum valkostum.

3.9. *Barnapingmenn vilja að meiri stuðningur sé í boði fyrir fólk sem verður fyrir kynferðisofbeldi. Fram kom að foreldrar eigi að vera góðir við börnin sín og taka tillit til skoðana þeirra. Varðaði málefnasvið ráðuneytisins þar til í september 2024 þegar stjórnarmálefnið jafnrétti og mannréttindi voru flutt til félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis.*

Þingsályktunartillaga forsætisráðherra um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025 var samþykkt á Alþingi í júní 2020. Um er að ræða fyrstu heildstæðu stefnuna um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á Íslandi. Meðal aðgerða sem hefur verið ráðist í er gerð netnámskeiða með grunnfræðslu um þessi mál og opnun vefsins stoppofbeldi.is, þar sem náms- og fræðsluefni sem styður við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi er aðgengilegt á einum stað. Áætlunin heyrir nú undir dómsmálaráðherra.

Niðurstöður barnapings sem endurspeglast í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins eru ýmsar aðgerðir settar á dagskrá sem svara kalli barnapings 2023. Ríkisstjórnin ákvað að stofna til ráðherranefndar um málefni barna, undir forystu forsætisráðherra, með þátttöku allra ráðherra sem hafa beina aðkomu að málefnum barna. Í samstarfsýfirlýsingunni er lögð er áhersla á jafna stöðu og jöfn réttindi allra og að staðið verði með jaðarsettum hópum og unnið að upprætingu rótgróinna fordóma í samfélaginu, m.a. með jafnréttis- og hinseginfræðslu. Ríkisstjórnin ætlar að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en frumvarp um lögfestinguina verður flutt á Alþingi í vetur. Ríkisstjórnin ætlar einnig að láta stofna aðgengis- og aðlögunarsjóð til að styrkja fatlað fólk til breytinga á húsnæði. Þá mun ríkisstjórnin huga sérstaklega að stöðu fatlaðs fólks í menntakerfinu og vinna með markvissum hætti að inngildingu barna sem ekki hafa íslensku að móðurmáli ásamt því að tryggja snemmtæka íhlutun fyrir börn með fjölþættan vanda. Ríkisstjórnin áformar einnig að móta ungmennastefnu og beita sér fyrir jöfnu aðgengi allra barna að íþróttum, listum og frístundastarfi.

Fyrir hönd ráðherra,

Daníel Svavarsson

Guðjón Björn Guðbjartsson